



7. fundur stjórnar LH 2022-2024  
3. maí 2023 kl. 16:00  
Sörlastöðum

**Mætt:** Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Hákon Hákonarson úr aðalstjórn og Valdimar Magnús Ólafsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson úr varastjórn

**Á fjarfundi:** Unnur Rún Sigurpálsdóttir úr aðalstjórn, Randi Holker, Gróa Baldvinsdóttir úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Birna Tryggvadóttir varastjórn.

**Forföll boðuðu:** Þórhildur Katrín Stefánsdóttir og Edda Rún Ragnarsdóttir

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

*Formaður setur fund og stýrir fundi.*

1. Samþykkt fundargerðar

2. Samstarfssamningur við HorseDay

Formaður tölvunefndar kynnti drög að samningi við HorseDay ehf. um samstarf um að þróa virkni í HorseDay appinu sem ætlað er að leysa LH Kappa – appið af hólmi með það fyrir augum að endurbæta útlit og tæknilega virkni og stuðla þannig að auknum áhuga á hestaþróttinni, hvort sem er einstaka mótum eða ásýnd hennar í heild. Prufukeyrsla á mótahluta HD verður síðsumars 2023 og stefnt að því að HD taki við að LH Kappa eigi síðar en 1. febrúar 2024.

*Afgreiðsla: Formanni tölvunefndar falið að ganga frá samningi við HD.*

3. Landsmótsstaðall 2023 - mannvirkjanefnd

Formaður mannvirkjanefndar kynnti drög að staðli hvernig aðbúnaður um umgjörð skuli vera til staðar á mótssvæði til að hægt sé að halda Landsmót.

*Afgreiðsla: Samþykkt að landsmótsstaðallinn liggji til grundvallar þegar auglýst verður eftir mótshaldara landsmóts 2028. Gerðar voru nokkrar athugasemir, endanlega útgáfa liggja fyrir áður en auglýst verður.*

4. Auglýsing um Landsmót 2028

Í reglugerð um landsmót og fjórðungsmót segir:

Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti.

*Afgreiðsla: Samþykkt að auglýsa til umsóknar Landsmót 2028. Umsóknarfrestur verði 15. júní.*

5. Landsmót í Spretti 2024

Formaður fór yfir framgang mála varðandi landsmót 2024. Fundað hefur verið reglubundið merð stjórn Sprettis. Í kjölfar félagsfundar og síða aðalfundar Sprettis var skipaður var starfshópur hjá Spretti sem var falið að meta þrjá möguleika: a. Sprettur haldi landsmót á félagssvæði sínu, b. Sprettur haldi landsmót á



öðru félagssvæði, c. Sprettur skili inn rétti til að halda landsmót 2024. Starfshópnum er ætlað að skila skýrslu til stjórnar Sprettis eigi síðar en á morgun, 4. maí.

*Afgreiðsla: Stjórn LM mun hitta stjórn Sprettis þegar niðurstöður starfshóps Sprettis liggja fyrir.*

#### 6. Bréf til dómara í hestaíþróttum sem sýnt hefur af sér ósæmilega hegðun

Allmargar tilkynningar hafa borist til dómaranefndar LH sem tengjast m.a. kynferðilegri áreitni og ógnandi framkomu ákveðins dómara í hestaíþróttum og hafa mótshaldarar ítrekað beðist undan að fá viðkomandi aðila til starfa á mótum. Viðkomandi fékk viðvörðun sl. sumar um að ef fleiri tilkynningar bærust þyrfti að grípa til aðgerða og hafa komið upp fleiri tilvik frá því bréfið var sent. Lagt er til að stjórn LH sendi viðkomandi bréf þar sem honum er tilkynnt að forsendur og traust sem þarf að vera til staðar í verktakasambandi milli tveggja aðila séu brostnar og að höfðu samráði við Samskiptafulltrúa ÍSí hafi verið tekin sú ákvörðun að viðkomandi verði ekki úthlutað mótum á vegum LH sumarið 2023.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

#### 7. Miðbæjarreið

Í samstarfi við Horses of Iceland verður haldin Miðbæjarreið 28. eða 29. maí.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

#### 8. Uppskeruhátíð og formannafundur

Lagt er til að formannafundur og uppskeruhátíð hestamanna verði haldin á Hótel Örk 11. Nóvember 2023. Til viðræðu er að fá utanaðkomandi aðila til að halda uppskeruhátíðina, en kostnaður LH verði aðgöngumiðar fyrir boðsgesti LH.

*Afgreiðsla: Skrifstofa og starfshópur um uppskeruhátíðina vinna málið áfram.*

#### 9. Aðstaða fyrir hestaíþróttir í Þjóðarhöll – Til bókunar

Bréf var sent dags. 3. maí til ráðherra, borgarstjóra, formanns borgarráðs, framkvæmdanefnd um þjóðarhöll og fjölmiðla þar sem þess er krafist að aðstaða fyrir hestaíþróttir verði tryggð í nýrri þjóðarhöll.

#### 10. Greiðslur til dómara fyrir dómgæslu á mótum

Bréf hefur borist frá dómarafélögunum, GDLH og HÍDÍ, þar sem dregið er í efa að LH sé heimilt að vera milliliður um greiðslur til dómara fyrir dómstörf á mótum, en bæði félög hafa lýst yfir mikilli andstöðu við áður boðað verklag.

*Afgreiðsla: Samþykkt að fresta nýju verklagi, og taka málið fyrir á formannafundi í haust.*

#### 11. Þingfulltrúar LH á Íþróttabingi

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir og Sveinn Heiðar Jóhannsson verða fulltrúar LH á Íþróttabingi 5.-6. Maí.

*Afgreiðsla: Samþykkt*



12. Önnur mál

a. Dagur íslenska hestsins er 1. maí ár hvert. Í mörgum hestamannafélögum voru ýmsir viðburðir í gangi, æskulýðssýningar o.fl. Sóley lýsti yfir óánægju með að LH flutti engar fréttir af viðburðum félaganna.

*Fundi slitið kl. 17:13*

*Að loknum fundi var farið í heimsókn í félagshesthús Sörla þar sem Atli Már Ingólfsson formaður Sörla og Sigríður Kristín Hafþórsdóttir framkvæmdastjóri Sörla tóku á móti stjórn og starfshópi mennta- og barnamálaráðherra um aðgengi barna og unglinga að hestaíþróttum.*